



Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Fundadagskrá bæjarráðs 2023

Dags: 16. nóvember 2022

Málsnúmer: 202211082

Málsmeðferð: Til samþykktar

Starfsmaður: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri og Þóra M. Hjaltested, lögmaður

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi tillögu að fundadagskrá ársins 2023.

Greinargerð:

Samkvæmt 40. gr. samþykktar um stjórn Mosfellsbæjar nr. 1225/2022 skal bæjarráð að jafnaði halda fundi einu sinni í viku á fimmtudögum. Þá segir að aukafundi skuli halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Til að skapa meiri fyrirsjáanleika í störfum bæjarráðs m.a. til að auðvelda fulltrúum í bæjarráði og embættismönnum sem undirbúa mál fyrir bæjarráð að skipuleggja orlof er nú lögð til sú nýbreytni að bæjarráð samþykki fundadagskrá komandi árs.

Dagskráin felur í sér áætlun um fundatíma og getur tekið breytingum t.d. ef þörf verður á að halda fundi á þeim tíma sem lagt er til að ekki verði haldinn fundur eða þörf verður á að boða til aukafunda.

Gert er ráð fyrir að reglulegir fundir bæjarráðs falli niður á eftirtöldum dagsetningum:

- vegna jólaleyfa 5. janúar, 21. desember og 28. desember
- vegna sumarleyfa 13. og 27. júlí og 3. ágúst
- sérstaklega verði tekin afstaða til þess hvort þörf verði á fundum 19. apríl og 17. maí sem yrðu þá haldnir á miðvikudegi vegna almennra frídaga sem ber upp á fimmtudaga.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri

Þóra M. Hjaltested,
lögmaður